

AUGLÝSING

staðfestingar á breytingu á skipulagsskrá fyrir Legat Jóns Sigurðssonar.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingar á 4., 5. og 6. gr. skipulagsskrár sjóðsins, sem staðfest var 14. október 1831:

4. gr.

Stjórn legatsins skal skipuð sýslumanninum á Akureyri, prófastinum í Eyjafjarðar-prófastsdæmi og framkvæmdastjóra héraðsnefndar Eyjafjarðar. Sýslumaðurinn á Akureyri er formaður stjórnar. Stjórn sjóðsins skal ráða mann til að annast bókhald sjóðsins gegn sanngjarnri þóknun.

5. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að ráðstafa styrkjum til bágstaddra í byggðum Eyjafjarðar og getur það verið hvort heldur til eintaklinga eða samtaka sem hafa það að markmiði að styðja þá sem höllum fæti standa eða til sambærilegra verkefna á vegum sveitarfélaganna í Eyjafirði. Styrki má bæði veita vegna bágrar fjárhagsstöðu og eins til þess að reyna að rétta hlut þeirra sem af einhverjum öðrum ástæðum eiga um sárt að binda. Stjórn sjóðsins skal setja sér starfsreglur.

6. gr.

Heimilt er að selja jarðeignir sjóðsins og skal þá söluandvirði þeirra ávaxtað á sem tryggilegastan hátt ásamt með öðrum eignum sjóðsins. Stjórn sjóðsins er heimilt að ráðstafa árlega styrkjum, sbr. 5. gr., sem þó mega aldrei verða hærri en afgangur jarða auk vaxta af höfuðstól, en hann má ekki skerða.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 25. febrúar 2004.

F. h. r.
Drífa Pálsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.